

# Fréttabréf Garðasels

Október 2019



## Þema október og nóvember –Læsi og Lína Langsokkur



Læsi er þema október og nóvember. Deildir skipuleggja verkefni tengd læsi og verða þau tengd inn í daglegt starf, hópastarf og samverustundir.

Þemað í þessari vinnu verður Lína Langsokkur og verður unnið með sögurnar um hana, myndir og tónlist. Þá eru tækifæri fólgin í að ræða hversu lausnamiðuð og hugrökk Lína var, glöð og góður vinur og tilbúin að prófa nýja hluti. Þetta eru góðir eiginleikar sem nýtast vel í lífinu 😊

## Vináttuverkefni Barnaheilla

Áfram verður unnið með Vináttuverkefni Barnaheilla en það er forvarnarverkefni gegn einelti. Garðasel er hluti af því



Ég vil eiga vini og því  
þarf ég að vera góður vinur

leikskólasamfélagi sem vinnur með þetta forvarnarverkefni. Mikilvægt er að leggja grunninn að góðum samskiptum snemma og í leikskóla fer fram mikil félagsmótun, sem getur fylgt börnunum áfram í grunnskólann og í lífið.

Yngstu börnin á Lóni hafa fengið bangsann Blæ, sem er þeirra eign og besti vinur. Blær fylgir börnunum á milli deilda og fer

síðan heim með þeim í lok leikskólagöngunnar.



## Haustskólinn

Þá er komið að Haustskólanum en þá fara elstu börnin í sinn grunnskóla þrjá daga að hausti, hitta skólástjórendur og fá síðan að takast á við verkefni við hæfi. Kennarar fylgja þeim í skólann og eru með þeim og á móti koma nokkrir 1. Bekkingar, fyrrum nemendur Garðasels, yfir til okkar á meðan.

Haustskólinn í Grundakóla er dagana 1.- 2 og 3. október kl: 8.45-11.30

Haustskólinn í Brekkubæjarskóla er dagana 8.-9. og 9. október kl: 9.00-11.30



Börnin taka með sér létt en hollt nesti – best að taka niðurskorna ávexti og grænmeti, þau fá mjólk í skólanum

### Símanúmer skólans

- skóli 433-1240
- Lón 433-1243
- Holt 433-1244
- Vík 433-1245



## Sunddagur í október



Fyrri sunddagur skólaársins verður laugardaginn 19. október en þá hefur leikskólinn upphitaða Bjarnalaug frá kl: 13.00-14.30 fyrir Garðaselsfjölskyldur.

## Vökudagar – ljósmyndasýning

Hinir árlegu Vökudagar á Akranesi verða 24.október – 3. nóvember og taka elstu börnin þátt í þeim með ljósmyndasýningu sinni **Það sem auga mitt sér** en hún verður sett upp á fyrstu hæð við anddyri á Höfða.



## Maximus Musical tónleikar

**Fimmtudaginn 24. október kl: 13.15** verður elsta árgangi boðið á tónleika í Tónbergi en þá kemur hin skemmtilega tónlistarmús í heimsókn.

**Opinn sýning fyrir alla** verður sama dag kl: 17.00 og um að gera fyrir foreldra að setja þetta á dagatalið og fara með börn sín og njóta.

## Fatnaður barna



Nú þegar veðrið fer að minna á sig með alls konar veðrabrigðum yfir daginn og milli daga er mikilvægt að börnin hafi útifatnað sem hæfir veðri til að geta tekið þátt í útivistinni. Foreldrar eru beðnir að taka heim í lok dags það sem er blautt eða óhreint. Þá eru foreldrar beðnir að taka tilbaka töskur eða stóra fatapoka – ekki skilja það eftir í hólfi barnanna eða uppi á fatakössunum.

Merkingar fatnaðar eru mikilvægar ef fatnaður fer á flakk – illa hægt að rekja það sem er ómerkt eða er merkt með nafni annars en barnsins.

<http://rogn.is/> hér er hægt að panta fyrir lítinn pening merkingar á föt og inn í skófatnað. Þá er **fatatússið** endingargóð leið til að merkja fatnað.



## Foreldrafélag og foreldraráð 2019-2020

Foreldraráð 2019 - 2020	Foreldrafélag 2019- 2020
Hafdís Guðmundsdóttir ( Vík og Holt ) Ragneiður Ásta Brynjólfsdóttir ( Lón ) Svala Ýr Smáradóttir ( Vík ) Hjördís Garðarsdóttir ( Vík ) Sunna Dís Jensdóttir ( Holt )	Steinar Helgason –Vík (gjaldkeri ) Karl Jóhann Haagesen - Vík Gyða Bergþórsdóttir – Vík Sara Karlsdóttir – Holt og Vík

